

sjálfur strax til böju sinnar, þá þykir mega sleppa fangelsisrefsingunni, en dæma kærða til sektar, sem með hliðsjón af því, að hér er um ítrekað brot að ræða, og að dagsgengi krónunnar er 81/60 úr gullkrónu, telst hæfilega metin 17000 krónur, sem rennur í Landhelgisjód Íslands, og komi 9 mánaða og 8 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún er ekki greidd innan þriggja sólarhringa frá löglegri birtingu dóms þessa. Afli sá, sem í áðurnefndu skipi er, og veiðarfæri öll — þar með taldir dragstrengir — sé upptækt og renni andvirði þess í sama sjóð. Svo greiði kærði allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað, þar með kr. 273,25 til varðskipsins »Ægir« fyrir akkeri og vir, sem varðskipið missti sökum þess, að kærður hlýddi ekki fyrirmælum skipherra varðskipsins, að taka upp vörpu sína, er komið var að honum við ólöglegar veiðar 5. þ. m.

Á máli þessu hefir enginn óparfa dráttur orðið.

Föstudaginn 17. okt. 1930.

Nr. 72/1930. **Valdstjórnin** (Sveinbjörn Jónsson)
 gegn

Haraldi Sigurðssyni (Lárus Jóhannesson).

Áfengislagabrot.

Dómur lögregluréttar Vestmannaeyja 1. júlí 1930: Kærði, Haraldur Sigurðsson, á að greiða innan fjögura vikna 5000 króna sekt í ríkissjóð, en afplána hana með 118 daga einföldu fangelsi, faist hún ekki greidd. Auk þess dæmist kærði í tveggja mánaða einfalt fangelsi og til þess að greiða allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Afbrot kærða eru í lögregluréttardóminum réttilega heimfærð undir 6. og 11. gr. laga nr. 64, frá 7. maí 1928, sbr. nú lög 64/1930, og með tilliti til þess, að

kærður hefir áður verð dæmdur fyrir brot gegn áfengislöggjöfinni, svo sem segir í lögregluréttardóminum, ákveðst refsing hans, samkv. 30. og 32. gr. nefndra laga, 4000 kr. sekt í ríkissjóð, er afplánist með 95 daga einföldu fangelsi, ef hún fæst eigi greidd innan tveggja mánaða frá birtingu dóms þessa. Auk þess skal kærði sæta einföldu fangelsi í 3 mánuði.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar í héraði og hæstarétti, þar með talin laun sækjanda og verjanda í hæstarétti, 50 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Haraldur Sigurðsson, greiði 4000 kr. sekt í ríkissjóð, er afplánist með 95 daga einföldu fangelsi, ef hún fæst eigi greidd innan tveggja mánaða frá birtingu dóms þessa. Auk þess sæti hann þriggja mánaða einföldu fangelsi.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar í héraði og hæstarétti, þar með talin laun sækjanda og verjanda í hæstarétti, málflutningsmannanna Sveinbjörns Jónssonar og Lárusar Jóhannessonar, 50 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað gegn kærða, Haraldi Sigurðssyni, á Sandi hér í Vestmannaeyjum, fyrir brot á áfengislöggjöfinni, og eru málavextir þessir:

22. maí þ. á. var gerð húsleit hjá kærða, og fannst þá við húsrannsóknina steinoliutunna og voru í henni 130—150 litrar af vökva. Tekið var á flösku úr tunnunni, flaskan innsiglið og send efnarannsóknarstofu ríkisins, sem, eins og réttarskj.

nr. 3 ber með sér, ákvað alkóhólstyrkleika vökvans 6,35% að rúmmáli. Þá gaf efnarannsóknarstofan þá yfirlýsingu, að úr þessum vökva mætti vinna spiritus, eða spiritusblöndu, með því að eima hann.

Efnarannsóknarstofan hefir athugað fl. nr. 1, sem getur um í prófunum, og telur innihaldið að alkóhólstyrk 34% að rúmmáli. En það er ekki sannað í málinu, að kærður hafi látið þessa flösku af hendi. Kærði heldur fram, að hann hafi ekki átt annan vökva en þann í steinolíufatinu og lampasprittblönduna, sem hann kallar svo. Hinsvegar hefir vitnið Kjartan Guðjónsson ekki kannast við, að hafa fengið flösku nr. 1, sem lögreglan tók af honum, hjá kærða, en heldur fram, að ef lögreglan hafi tekið umrædda flösku af sér, þá hafi orðið flöskuruglingur á kaffihúsinu.

Kærði hélt því fram í byrjun, að hann hefði selt vitninu Kjartani Guðjónssyni eina flösku af því, sem hann kallar lampasprittblöndu, en féll frá þessu, þá er vitnið kannaðist ekki við, að hafa keypt umrædda flösku hjá honum.

Ekki hefir kærði viljað kannast við, að hann selji lampaspritt. Rétturinn verður því að líta svo á, sem ekki hafi sannast annað brot á kærða en bruggun og sala á vökvanum í steinolíutunnunni, sem fannst, eins og þegar tekið fram, við húsrannsóknina, og stóð í skúr, og var auðséð öllum, þegar inn var komið. Vökva þessum var öllum hellt út af lögreglunni, með samþykki kærða, um leið og sýnishorn voru tekin úr tunnunni.

Í áfengislögunum nr. 64, frá 7. maí 1928, er áfengur drykkur talinn hver sá vökvi, sem meira er í en 21,4% af vinanda að rúmmáli, en vökvi sá, er kærður hefir búið til og afhent, hefir langtum meiri alkóhólstyrkleik, nfl. 6,35%.

Með því að búa til þennan vökva og afhenda hann, hefir kærður þannig gjörzt brotlegur gegn 6. og 11. gr., sbr. við 27. gr., 30. og 32. gr. og 1. gr. nefndra laga, og þegar ákveða skal refsingu þá, er kærður hefir tilunnið, verður að taka tillit til þess, að kærður hefir áður gjörzt brotlegur sem hjer segir:

Með dómi lögregluréttar Vestmannaeyja, gengnum 28. ágúst 1924, var kærður dæmdur fyrir brot á 1. gr. laga nr. 25, 3. nóvember 1915, og 3. málsgrein 15. greinar laga nr. 91, 14. nóvember 1917, og hafði kærði búið til áfengi úr sykri og geri. Var kærði með dómi þessum dæmdur til þess að greiða í sekt 500 krónur og að auki fangelsi við vatn og brauð í 5 daga.

Með dómi lögregluréttar Vestmannaeyja, gengnum 10. október 1928, var kærði dæmdur fyrir brot á lögum nr. 64, 7. maí 1928, 6. gr., í 1000 kr. sekt, auk fangelsis í 2 daga, samkv. 30. gr.

Samkvæmt þessu þykir refsing sú, er kærður hefir nú tilunnið, hæfilega ákveðin 5000 króna sekt í ríkissjóð, og á kærði að afplána hana með 118 daga einföldu fangelsi, fáist hún ekki greidd innan fjöggra vikna. Auk þess dæmist kærði í tveggja mánaða einfalt fangelsi, samkv. 30. gr. laga frá 7. maí 1928. Ennfremur greiði kærði allan kostnað málsins sem orðinn er og verður.

Mánudaginn 20. okt. 1930.

Nr. 142/1929. **Einar Pétursson** (Lárus Jóhannesson)
gegn

Gústaf Sveinssyni (Pétur Magnússon).

Fyrningu skuldar rift með kröfulýsing í þrotabú.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 19. dezbr. 1929:

Stefndur, Einar Pétursson, greiði stefnandanum, Gústaf Sveinssyni, kr. 8775,93 með 6% ársvöxtum frá 14. júní 1929 til greiðsludags, og kr. 476,00 í málskostnað, innan fimmtán daga frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Eftir flutningi málsins í hæstarétti, þarf aðeins á það að lita, hvort krafa sú, er málið reis út af, muni vera fyrnd eða eigi, og verður þá samkvæmt ástæðum hins áfrýjaða dóms að staðfesta hann.

Málskostnað í hæstarétti greiði áfrýjandi stefnda með 250 kr.

Þvi dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Áfrýjandi,
Einar Pétursson, greiði stefnda, Gústaf Sveins-